

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 139/2001**

**frá 9. nóvember 2001**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2001 frá 28. september 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/728/EB frá 10. nóvember 2000 um ákvörðun á gjöldum vegna afgreiðslu umsókna um umhverfismerki bandalagsins ásamt árgjöldum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/729/EB frá 10. nóvember 2000 um staðlaðan samning um notkunarskilmála umhverfismerkis bandalagsins<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/730/EB frá 10. nóvember 2000 um skipun stjórnar umhverfismerkis Evrópusambandsins og starfsreglur sem henni eru settar<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/731/EB frá 10. nóvember 2000 um setningu starfsreglna vegna samráðsfunda samkvæmt endurskoðuðu kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins<sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12. 2001, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 35.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 20.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 24.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 31.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

1. Eftirfarandi komi í stað liðar 2b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92) í XX. viðauka við samninginn:

- „2b. **32000 R 1980**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins (Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1).
- 2ba. **32000 D 0728**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/728/EB frá 10. nóvember 2000 um ákvörðun á gjöldum vegna afgreiðslu umsókna um umhverfismerki bandalagsins ásamt árgjöldum (Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 18).
- 2bb. **32000 D 0729**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/729/EB frá 10. nóvember 2000 um staðlaðan samning um notkunarskilmála umhverfismerkis bandalagsins (Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 20).
- 2bc. **32000 D 0730**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/730/EB frá 10. nóvember 2000 um skipun stjórnar umhverfismerkis Evrópusambandsins og starfsreglur sem henni eru settar (Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 24).
- 2bd. **32000 D 0731**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/731/EB frá 10. nóvember 2000 um setningu starfsreglna vegna samráðsfunda samkvæmt endurskoðuðu kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins (Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 31).“

2. Texti liða 2e og 2ea í XX. viðauka falli brott.

### 2. gr.

Texti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/728/EB, 2000/729/EB, 2000/730/EB og 2000/731/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*